

## Ný staða í stjórnunarteymi

Vegna stærðar skólans hefur verið ákveðið að bæta við einu stöðugildi í stjórnunarteymið hjá okkur og er hugmyndin að frá og með næsta hausti starfi tveir aðstoðarskólastjórar við skólann, einn í hvoru húsi. Nýja aðstoðarskólastjórastaðan hefur verið auglýst og er

## Skóladagatal 2017-2018

Nú hefur skóladagatal næsta vetrar verið afgreitt og má nálgast það á heimasíðu skólans. Við ætlum aðeins að breyta fyrirkomulagi viðtalsdaga næsta vetur á þann hátt að ekki verður um hefðbundinn viðtalsdag að ræða í október en þess í stað settir niður tveir dagar í janúar sem ætlaðir eru til viðtala og því hægt að gefa góðan tíma í viðtölin þá. Í október verður hins vegar boðið upp á viðtöl fyrir þá sem vilja og hugmyndir uppi um að skipuleggja heimsóknir foreldra í skólann. Vetrarfrí verða 26.-27. október og 19.-20. febrúar en einnig verður löng helgi um miðjan mars. Nánar á heimasíðunni...

## Kæra skólasamfélag

Þó nú sé býsna vetrarlegt um að litast finnum við að sólin er farin að hækka verulega á lofti og það þýðir að vorið nálgast óðum. Og það þýðir auðvitað líka að við erum farin að huga að næsta skólaári. Starfsmannasamtöl eru í gangi og stefnt að því að síðar í mánuðinum verðum við komin með fyrstu hugmyndir að uppstillingu kennslu næsta vetrar og förum þá að auglýsa eftir kennurum í lausar stöður.

Eins og kynnt var í ársbyrjun fengum við Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasvið HÍ til að aðstoða okkur við að rýna í og lista upp möguleika vegna frekari fjölgunar nemenda þ.e. bæði hvað varðar húsnæðismál og þá möguleika sem kunna að felast í auknu samstarfi starfsfólks. Ingvar hefur nú lokið sinni vinnu og skilað af sér samantekt sem má nálgast á heimasíðu skólans (undir skólinn / mat á skólastarfi). Í framhaldi af þessu erum við, í samstarfi við Menntasvið Kópavogs, að vinna að aðgerðaáætlun til að sjá fyrir hvernig við getum mætt fyrirsjáanlegri fjölgun næstu ára. Þó að nú hægi töluvert á fjölgun nemenda sjáum við fram á að þeir munu á u.þ.b. næstu 5 árum ná yfir 1000 og mun þá nemendafjöldinn verða í kringum þá tölu í töluverðan tíma áður en fer að fækka á ný. Nú er verið að leggja drög að því að bæta við einni lausri kennslustofu til viðbótar á skólalóðina í sumar. Hugmyndin er að hún risi hjá hinum þremur sem eru utarlega á lóðinni og einnig verði byggð tengibygging á milli þessara fjögurra stofa þannig að þær myndi heild sem rúmað gæti heilan árgang. Þá er einnig horft til þess að fjölga kennslustofum í Kórnum og uppi eru hugmyndir um að flytja bókasafn skólans á gang og stigapall fyrir framan skrifstofurnar í Baugakórnum og rýma þannig núverandi bókasafnssvæði sem nýst gæti til kennslu. Með þessum aðgerðum teljum við að ætti að vera hægt að taka við þeim nemendafjölda sem nú er í spilunum. Ef hins vegar fjölgar enn frekar þarf að grípa til frekari aðgerða. Aðgerðaáætlun með frekari útskýringum verður væntanlega tilbúin síðar í mánuðinum og þá birt á heimasíðu skólans.

Annað spennandi verkefni mánaðarins er að halda áfram stefnumótun fyrir skólann sem við hófum fyrir áramótin. Hugmyndin er að foreldrar og starfsfólk fái tækifæri til að gefa álit sitt með því að drög að stefnu verði send út í formi skoðanakönnunar sem allir geta metið og gert athugasemdir við. Það er semsagt nóg um að vera hjá okkur að vanda og spennandi tímar framundan að venju.

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson skólastjóri

## Læsisáttmáli Heimila og skóla

Á vef Heimila og skóla er að finna Læsisáttmála fyrir foreldra, sem unninn var í tengslum við þjóðarsáttmála um læsi haustið 2015. Þarna er að finna ýmislegan fróðleik og leiðbeiningar varðandi hvernig foreldrar geta stutt við lestrarnám og læsisfærni barna sinna. Þarna er líka að finna skemmtileg lestrarbingó sem upplagt er að nota þegar frí er í skólanum. Mikilvægt er að muna að lestrarnám barna okkar þarf að vera samstarfsverkefni skólans og heimilanna og það er mjög áriðandi að lestrarþjálfun fari fram heima fyrir. Við hvetjum alla foreldra til að kynna sér læsisáttmálann á heimasíðu Heimila og skóla - [www.heimilisogskoli.is](http://www.heimilisogskoli.is)

## Innritun í grunnskóla Kópavogs

Innritun 6 ára barna (fædd 2011) fer nú alfarið fram í gegnum íbúagátt á vef bæjarins (<https://ibuagatt.kopavogur.is>) Opnað er fyrir skráningu 1. mars 2017 og stendur hún til 8. mars. Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytjast milli skólahverfa og þeirra sem flytja í Kópavog eða koma úr einkaskólum. Haustið 2017 munu skólar hefjast með skólasetningardegi þriðjudaginn 22. ágúst. Nánari upplýsingar um skólabyrjun munu birtast á heimasíðum skólanna. Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í einkaskólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 1. apríl og skal sækja um á íbúagátt Kópavogs. Sækja þarf um að nýju fyrir nemendur sem nú eru í slíkum skólum ef gert er ráð fyrir að þeir verði þar næsta vetur.



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	<b>27.</b> Fiskibollur m/ kartöflum og brúnni sósu. Salatbar og ávextir. <b>Bolludagur</b>	<b>28.</b> Blómkálssúpa með brauði. Ávextir. <b>Sprengidagur</b>	<b>1.</b> Pizza <b>Óskudagurinn</b> <b>Stuttur dagur</b> <b>Skóli 8:30-12:00</b>	<b>2.</b> Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir.	<b>3.</b> Hakk og pasta. Salatbar og ávextir.	<b>4.</b>
<b>5.</b>	<b>6.</b> Fiskur í raspi m/ kartöflum og kokteilsósu. Salatbar og ávextir. <b>Spilakvöld Foreldrafélagsins</b>	<b>7.</b> Lambasnitsei í raspi m/ kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. <b>Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar</b>	<b>8.</b> Grjónagrautur og slátur. Ávextir. <b>Samræmd próf í 9. og 10. bekk</b>	<b>9.</b> Ofnbakaður fiskur m/ kartöflum og kokteilsósu. Salatbar og ávextir. <b>Samræmd próf í 9. og 10. bekk</b>	<b>10.</b> Ítölsk grænmetissúpa m/ brauði og smjöri. Ávextir.	<b>11.</b>
<b>12.</b>	<b>13.</b> <b>STARFS DAGUR</b> <b>Dægradvöl opin</b>	<b>14.</b> Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir. <b>Skólahreysti</b>	<b>15.</b> Ofnbakaður kjúklingur m/ hrísgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir.	<b>16.</b> Plökkfiskur m/ rúgbrauði og smjöri. Salatbar og ávextir.	<b>17.</b> Píta m/ kjúkling, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	<b>18.</b>
<b>19.</b>	<b>20.</b> Fiskur í raspi m/ kartöflum og kokteilsósu. Salatbar og ávextir.	<b>21.</b> Kjúklingalæri m/ hrísgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir.	<b>22.</b> Heitur pastaréttur. Salatbar og ávextir.	<b>23.</b> Fiskibollur m/ kartöflum og brúnni sósu. Salatbar og ávextir.	<b>24.</b> Íslensk kjötsúpa. Ávextir.	<b>25.</b>
<b>26.</b>	<b>27.</b> Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir.	<b>28.</b> Aspassúpa m/ brauði og álegg. Ávextir. <b>Páskabingó Foreldrafélagsins</b>	<b>29.</b> Hakkbollur m/ kartöflum og brúnni sósu / sultu. Salatbar og ávextir.	<b>30.</b> Fiskréttur m/ hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	<b>31.</b> Grjónagrautur og slátur. Ávextir.	

**Muna:**

- **Starfsdagur mánudaginn 13. mars - frí hjá nemendum en opið í Hörðuheimum (dægradvöl)**
- **Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!**
- **Heimanámsaðstoð á aðalsafni Bókasafns Kópavogs á þriðjudögum kl. 14:30-16:30 en á Lindasafni á fimmtudögum kl. 14:30-16:30**
- **Útivistartími:** Börn, 12 ára og yngri til kl. 20.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulyðssamkomu.